

Á R S S K Ý R S L A

K Ö R F U K N A T T L E I K S S A M B A N D S Í S L A N D S

1 9 7 4

Á R S S K Ý R S L A

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1 9 7 2

STJÓRN.

Á 9. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftirtaldir kosnir í stjórn.

Hólmsteinn Sigurðsson, formaður
Einar G. Bollason
Ingvar Sigurbjörnsson,
Birkir Þorkelsson,
Birgir Örn Birgis,

Varamenn:

Björn Jóhannsson,
Ástbjörn Egilsson.

VERKASKIPTING.

Á fyrsta fundi eftir ársþing skipti stjórnin með sér verkum á eftirtaldan hátt.

Hólmsteinn Sigurðsson, formaður
Einar Bollason, varaformaður,
Birkir Þorkelsson, gjaldkeri,
Ingvar Sigurbjörnsson, ritari,
Birgir Örn Birgis, meðstjórnandi.

EFTIRTALDAR NEFNDIR STÖRFUÐU Á ÁRINU:

Landsliðsnefnd:

Ólafur Thorlacius, formaður
Björn Jóhannsson,
Helgi Jóhannsson.

Unglinganefnd:

Birgir Örn Birgis, formaður

Minni Boltanefnd:

Bogi Þorsteinsson, formaður,
Guðmundur Þorsteinsson,
Einar Ólafsson.

Blaðafulltrúi:

Gylfi Kristjánsson.

Útbreiðslunefnd: Einar G. Bollason, formaður,
Gylfi Kristjánsson,
Kolbeinn Pálsson.

Þjálfarar: Helgi Jóhannsson,
Einar Ólafsson.

STJÓRNARSTÖRF.

Alls voru haldnir 21 bókaðir stjórnarfundir á starfs-
árinu auk margra annarra funda, sem stjórnarmeðlimir komu
saman til að vinna að ákveðnum verkefnum.

Segja má, að starf stjórnarinnar hafi aðallega beint
að eftirtöldum verkefnum:

1. Framkvæmd Íslandsmóts 1971.
2. Keppni við bandaríska liðið Levi's.
3. Keppnin um sendiherrabikarinn.
4. Þjálfaranámskeið haldin af Kent Finanger.
5. Bikarkeppni K.K.Í.

Íslandsmótið hófst í desember með leik í 1. deild milli
HSK og KR, sem fram fór að Laugarvatni, en öll félög utan
Reykjavíkur fengu nú heimaleiki. HSK að Laugarvatni, UMFN í
Njarðvík og Þór á Akureyri. Allir heimaleikir Reykjavíkur-
félaganna fóru fram í íþróttahúsinu að Seltjarnarnesi.

Í 1. deild léku nú 7 lið í stað 6 áður og fjölgaði
leikjum úr 30 í 42. 1972 munu 8 lið leika í 1. deild og er
þá leikjafjöldinn orðinn 56.

Að fenginni þeirri reynslu, sem fékkst með því að leika
í húsum, sem ekki standast reglur um vallarstærð, var sú
ákvörðun tekin, að leikir í 1. deild 1972 færu eingöngu
fram í húsum, sem fullnægðu reglum um vallarstærð.

Leikir í öðrum flokkum fóru fram með svipuðu sniði og
áður. Leikin var tvöföld umferð í æfingatímum, en riðla-
úrslit fóru síðan fram á Seltjarnarnesi og víðar. Vest-
fjarðaríðill fór að þessu sinni fram á Ísafirði.

Fyrirsjáanlegt er, að ekki verður hægt að leika tvö-
flada umferð í yngri flokkum 1972, ef félögin standa sig
ekki betur með að leggja til starfsmenn við framkvæmd
leikjanna.

Framkvæmd Íslandsmóts er ekkert einkamál stjórnar KKÍ.
Þau félög, sem taka þátt í Íslandsmóti verða að leggja til
þá starfsmenn, sem til þarf og það er allra hagur, að sem mest
og bezt samvinna sé í þessum efnum. Staðreyndin er aftur á
móti sú, að störf þessi hafa tekið mestan tíma stjórnar-
manna KKÍ svo þeir hafa ekki getað sinnt öðrum verkefnum
sem skyldi.

HEIMSÓKN Levi's

Í febrúar 1971 kom bandaríska liðið Levi's hingað á
heimleið til Bandaríkjanna eftir sex mánaða keppnisferð um
Evrópu. Lið þetta hafði meðal annars sigrað landslið Júgó-
slavíu, sem eru heimsmeistarar áhugamanna í körfuknattleik.

Þegar liðið kom hingað voru leikmenn aðeins 5 og sá
6. gekk við hækjur og gat ekki leikið með, en þrír höfðu
þegar yfirgefið liðið.

Landsliðsnefnd sá um að velja lið til þess að leika
gegn Levi's, en Helgi Jóhannsson landsliðspjálfari stjórnaði
liðinu.

Eftirtaldir leikmenn voru valdir í liðið:

Agnar Friðriksson ÍR	Anton Bjarnason HSK
Birgir Jakobsson ÍR	Einar G. Bollason KR
Einar Sigfússon HSK	Jón Sigurðsson Á
Kolbeinn Pálsson KR	Kristinn Jörundsson ÍR
Stefán Þórarinnsson ÍS	Þórir Magnússon Val
Þorsteinn Hallgrímsson ÍR	

Íslenzka liðið lék mjög vel í fyrri hálfleik og hafði forystu í leikhléi 43 - 42. Í byrjun seinni hálfleiks var leikurinn jafn og staðan 54 - 54. Þá nær Levi's frábærum leikkafla um miðjan síðari hálfleik og skora 30 stig gegn aðeins 6. Lokatölurnar urðu 98 - 72 Levi's í hag.

Daginn eftir eða 9. febrúar lék Levi's á Akureyri við styrkt lið Þórs fyrir troðfullu húsi. Þórsarar sýndu ágatan leik og lokatölur urðu 111 - 83 fyrir Levi's.

Samskipti við erlend lið, sem eru á ferð yfir Atlantshafið með viðkoma á Íslandi eru þau hagkvæmustu, sem völ er á fyrir fjárvana aðila eins og KKÍ.

Keppnin um sendiherrabikarinn.

Hin árlega keppni milli Reykjavíkur úrvals og úrvals varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli fór fram síðari hluta vetrar. Landsliðsnefnd KKÍ sá um val liðsins samkvæmt samkomulagi við KKRR. Leiknir voru 5 leikir eins og áður, 3 á Keflavíkurflugvelli og 2 í Reykjavík. Reykjavíkurúrvalið sigraði í keppninni og er keppni þessi hið ágætasta verkefni fyrir körfuknattleiksmenn.

Þjálfaranámskeið Kent Finanger.

Áruggurinn af bréfaskriftum við bandaríska þjálfarasambandið, sem Guðmundur Hallgrímsson annaðist varð sá, að hingað kom þjálfari að nafni Kent Finanger frá Luther College í Iowa.

Finanger var hér í 3 vikur og kenndi á námskeiði hjá um 100 íþróttakennurum, sem stóð í eina og hálfu viku.

Einnig hélt hann námskeið um helgar fyrir körfuknattleiksþjálfara. Á kvöldin þjálfaði hann svo hjá félagum frá kl. 19:00 til 21:00. Einnig voru nokkrar æfingar hjá landsliðskandidötum og endað á því að leika við úrval varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar sem úrval KKÍ sigraði.

Ekki er hægt annað en að binda miklar vonir við það starf, sem Kent Finanger innti af hendi hér. Hann var einstaklega áhugasamur og skipulagði starf sitt mjög vel. Einnig kom hann með mikið af fjölrituðu efni, sem er til reiðu öllum þeim er áhuga hafa.

Á íþróttakennaranámskeiðinu voru kennarar alls staðar af landinu og sýndu þeir mikinn áhuga. Ef þessir aðilar taka nú að kenna körfuknattleik í sínum skólum á skipulegan hátt eins og hann kenndi þeim, þá er víst að starf hans hefur gefið ríkulegan ávöxt.

Æfingarnar hjá félagunum voru all vel sóttar miðað við árstíma og greinilegt, að sum liðin hafa þegar tileinkað sér ýmis atriði, sem farið var í.

Stjórn KKÍ vill sérstaklega þakka þeim aðilum, sem stuðluðu að því að gera þetta námskeið að veruleika.

Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins á miklar þakkir skilið fyrir alla þá aðstoð og fyrirgreiðslu, sem hann lét í té, einnig Anton Bjarnason, sem aðstoðaði við

kennsluna. Guðmundur Hallgrímsson vann mikið starf við undirbúning og einnig Sugruður Már Helgason.

Bikarkeppni KKÍ 1971.

Alls tilkynntu 8 lið þátttöku frá 7 félögum. Leikið var með útslattarfyrirkomulagi þannig að það lið, sem tapaði leik var úr keppninni. Til úrslita leku KR og ÍR og í jöfnum og skemmtilegum leik sigraði KR.

Ýmislegt.

Körfuknattleiksreglur hafa ekki verið gefnar út síðan 1966 og stóð til að prenta nýjar reglur og gefa út á vegum útgáfuf nefndar Í.S.Í. En þar sem horfur eru á, að einhverjar breytingar verðu gerðar sumarið 1972 að loknum olympíulekunum var ákveðið að fresta útgáfu reglnanna þar til F.Í.B.A. hefur sent frá sér hinar nýju reglur, sem munu gilda fyrir 4 ár.

Ekki hefur enn tekist að endurvekja dómarafélagið og er það óviðunandi ástand. Dómarastörf eru vanþökkuð, en ef til vill geta væntanlegar agareglur haft bætandi áhrif. Guðmundur Þorsteinsson hélt eitt dómaramámskeið og var þátttaka lítil.

Hinn 29. janúar átti KKÍ 10 ára afmæli. Gefið var út afmælisrit í tilefni afmælisins. Einnig gekkst stjórn KKÍ fyrir leik á afmælisdaginn, Reykjavík - Landið, sem var hinn skemmtilegasti og vel leikinn af báðum aðilum og ánægjulegt hvað styrkleiki leikmanna utan af landi hefur vaxið, enda er sívaxandi áhugi fyrir körfuknattleik úti á landsbyggðinni.

Stjórn KKÍ hafði verið boðið að senda lið til Bremen til að taka þátt í alþjóðlegu móti þar. Ekki reyndist unnt að afla fjár til fararinnar og boðið afþakkað.

Ekki hefur verið stofnað til neinna landsleikja á s.l. starfsári enda hefur verið erfitt um vik vegna slæms fjárhags.

Norðurlandamót, Polar Cup verður haldið í Svíþjóð um páska 1972 og verður að hafast handa þegar um fjáröflun til þess að unnt verði að senda landsliðið utan á Polar Cup, sem íslenska landsliðið hefur tekið þátt í frá upphafi.

KKÍ hefur borizt tilboð frá Bandaríkjunum um að senda lið þangað í um 3. vikna ferð til suður ríkjanna, þar sem leiknir yrðu 12 - 14 leikir. Þetta er freistandi tilboð, en ef til vill erfitt fyrir leikmenn að vera svo langan tíma í einu frá vinnu eða námi. Sá tími, sem boðið hljóðar upp á er 20. nóvember til 10. desember 1972.

Á 40. sambandsráðsfundi Í.S.Í. var samþykkt að fella niður áhugamannareglur ÍþS.Í. Í stað þeirra skal hvert sér-samband Í.S.Í. setja sér áhugamannareglur, sem byggðar skulu á áhugamannareglum viðkomandi alþjóðasársambands og áhugamannareglum alþjóða olympíuf nefndarinnar.

Samþykking þarf nýjar áhugamannareglur á ársþingi, sem síðan þurfa staðfestingu sambandsráðsfundar Í.S.Í.

Stjórnin hefur samið nýjar reglur og reglugerð varðandi auglýsingar á búningum, sem hún mun leggja fyrir ársþing KKÍ.

KKÍ hefur ávalt átt við mikla fjárhagsörðugleika að etja og getan þar af leiðandi lítil. Þó virðist nú sem nokkur aukning verði á styrkjum frá ÍSÍ og mun þar mest muna um tekjur af getraunum.

Styrkur til KKÍ var á síðastliðnu ári kr. 200 þús. í stað 50 þús. áður. Þarna hefur orðið veruleg breyting á og von til þess að hægt verði að rétta úr kútnum innan tíðar.

Skýrsla landsliðsnefndar.

Skipaðir í landsliðsnefnd voru af stjórn KKÍ

Björn Jóhannsson,
Ólafur Thorlacius.

Landsliðsþjálfari: Helgi Jóhannesson.

Í des. 1970 var valinn 21 maður til landsliðsæfinga, en það voru eftirtaldir:

Þorsteinn Hallgrímsson ÍR	Þorsteinn Guðnason ÍR
Kristinn Jörundsson ÍR	Birgir Jakobsson ÍR
Agnar-Friðriksson ÍR	Einar Bollason KR
Kolbeinn Pálsson KR	Krástinn Stefánsson KR
Bjarni Jóhannsson KR	Birgir Guðbjörnsson KR
Magnús Þórðarson KR	Birgir Ö. Birgis Á
Jón Sigurðsson Á	Hallgrímur Gunnarsson Á
Sveinn Christensen Á	Þórir Magnússon Val
Kári Marísson Val	Bjarni G. Sveinsson ÍS
Stefán Þórarinnsson ÍS	Anton Bjarnason HSK
Einar Sigfússon HSK	

Verkefni landsliðsins var alþjóðlegt mót í Bremen, sem haldið yrði 25. - 31. des. 1970. Æfingar fóru fram í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi á miðvikudagskvöldum undir stjórn Helga Jóhannessonar. Strax kom í ljós, að þessi tími var mjög óheppilegur, þar sem nær öll félagsliðin afðu á miðvikudögum.

Þegar svo stjórn KKÍ hætti við fyrirhugaða utanferð og ekki voru önnur verkefni fyrirhuguð á árinu 1971 fyrir landsliðið, lögðust landsliðsæfingar niður, og körfuknattleiksmenn einbeittu sér að Íslandsmótinu með félögunum.

Störf landsliðsnefndar fyrir landsliðið voru því engin á árinu 1971.

Landsliðsnefnd sá þó um að velja úrvalslið fyrir stjórn KKÍ, þegar körfuknattleiksliðið LEví's kom hér í febrúar 1971. Einnig valdi landsliðsnefnd úrvalslið Reykjavíkur til keppni um Sendiherrabikarinn á árunum 1971 og 1972, auk úrvalsliðs Reykjavíkur gegn landinu í feb. 1971.

Virðingarfyllst,

Björn Jóhannsson, sign.

Ólafur Thorlacius, sign.

Útbreiðslunefnd.

Í nefndina voru kosnir:

Einar Bollason, form.
Kolbeinn Pálsson,
Gylfi Kristjánsson.

Nefndin starfaði aðallega a- einu verkefni, útbreiðslu körfuknattleiks í höfuðvígi handknattleiksins, Hafnarfirði. Má segja að mikið hafi áunnizt, þar sem bæði félögin, Haukar og FH hafa tekið upp körfuknattleik. Er þetta mikill hagur fyrir körfuknattleik á Íslandi og er ekki vafi á því, að innan fárra ára munu bæði hafnfirzku félögin blanda sér í baráttu beztu íslenzku liðanna á þessum vettvangi.

Einnig átti útbreiðslunefnd miklar viðræður við forsvarsmenn Hafnarfjarðar um bættu aðstöðu fyrir körfuknattleiksiðkun í bænum með þeim árangri, að í haust voru settar upp 10 nýjar körfur í bænum og enn fleiri væntanlegar næsta vor. Ber að þakka góðan skilning og fljóta afgreiðslu bæjar-yfirvalda á þessu máli.

Einar Bollason.

Íslandsmótið í körfuknattleik

1971

- Úrslit -

M.fl. karla. I. deild.

Í I. deild léku 7 lið, og var leikin tvöföld umferð. Leikið var á fjórum stöðum á landinu, Akureyri, Njarðvík, Laugarvatni og Seltjarnarnesi. Liðin í I. deild voru: KR - ÍR - Valur - Ármann - HSK - Þór - UMFN.

Úrslit urðu þ-ssi:

ÍR:KR	-----109:83	þg	77:76
ÍR:Valur	-----87:67	og	85:62
ÍR:Ármann	-----73:63	og	64:63
ÍR:Þór	-----92:64	og	74:50
ÍR:HSK	-----89:61	og	103:77
ÍR:UMFN	-----95:53	og	70:48
KR:Valur	-----87:73	og	73:70
KR:Ármann	-----80:74	og	58:61
KR:Þór	-----73:64	og	60:50
KR:HSK	-----59:63	og	
KR:UMFN	-----70:64	og	99:61
Valur:Ármann	-----60:62	og	81:89
Valur:Þór	-----71:75	og	
Valur:HSK	-----80:72	og	56:67
Valur:UMFN	-----69:58	og	76:63
Ármann:Þór	-----55:59	og	64:50
Ármann:HSK	-----64:61	og	88:76
Ármann:UMFN	-----51:52	og	78:62
Þór:HSK	-----83:69	og	69:70
Þór:UMFN	-----95:73	og	70:38
HSK:UMFN	-----76:66	og	81:62

Íslandsmeistari	ÍR	24 stig.
	KR	16 stig
Árman	14 stig	
Þór	10 stig	
HSK	10 stig	
Valur	6 stig	
UMFN	4 stig	

2. deild.

Alls léku 9 lið í 2. deild. Leikið var í þrem riðlum.

- A. riðill: Breiðablik, ÍBH, ÍS og UMFS
- B. riðill: Hörður, KFÍ, og Snæfell.
- C. riðill: KA og Tindastóll.

ÍS og UMFS urðu efst og jöfn í a riðli og léku aukaleik um efsta sætið. Þeirri viðureign lauk með sigri ÍS, 64:61 og vann ÍS sér þar með rétt til þátttöku í I. deild 1972, því sigurvegararnir úr b og c riðlum, Snæfll og Tindastóll gáfu sína leiki í úrslitakeppninni.

Aukaleikur.

Þar sem ákveðið hafði verið að fjölga um eitt lið í I. deild þurftu UMFN, neðsta liðið í I. deild og UMFS næst efsta lið í 2. deild að leika aukaleik um rétt til setu í I. deild 1972. Þeirri viðureign lauk með sigri UMFS 84:78.

I. fl. karla.

Alls léku 7 lið í tveimur riðlum.

- A riðill: UMFS, KR, ÍS.
- B riðill: Árman, HSK, ÍR, UMFN.

KR og Árman sigruðu með yfirburðum í riðlakeppninni og léku því til úrslita. Þeirri viðureign lauk með sigri KR. 43:33.

Íslandsmeistari 1971 KR.

2. fl. karla.

- A riðill: Árman, HSK, ÍR, KR, UMFN, Valur.
- ÚR þessum riðli fóru tvö efstu liðin í úrslitakeppnina.
- B riðill: KFÍ og Snæfell.
- Í þessum flokki sigraði Snæfell, en þeir sáu sér ekki fært að taka þátt í úrslitakeppninni.
- C riðill: Þór og Tindastóll. Þór sigraði.

Úrslit:

Í úrslitakeppnina mættu KR og HSK, en þau skipuðu tvö efstu sætin í a riðli, og Þór frá Akureyri, sem sigraði í c riðli.

Úrslit urðu þessi:

- KR:Þór 49:48
- KR:HSK 53:44

Íslandsmeistari 1971 varð því KR, en Þór og HSK léku ekki til úrslita um 2. verðlaun.

3. fl. karla.

A riðill: Breiðablik, Fram, KR, UMFS.
B riðill: Ármann, ÍR, UMFN, Valur.
C riðill: Ísafjörður, Hörður, Snæfell.
D riðill: Tindastóll, KA, Þór.

Sigurvegjarar urðu:

A riðill: KR
B riðill: Valur
C riðill: Höðður
D riðill: Þór

Úrslitakeppninni var þannig háttað, að dregið var um hvaða lið skyldu mætast fyrst, og skyldu þau lið, sem sigruðu í tveim fyrstu leikjunum leika til úrslita, en þau lið er töpuðu í tveim fyrstu leikjunum skyldu síðan leika um 3. verðlaun.

Úrslit urðu þessi:

KR:Þór 29:25
Valur:Hörður 40:20

Úrslit um 3. sætið: Hörður:Þór 38:27

Úrslitaleikurinn milli KR og Vals var síðann leikinn 8. apríl 1971. Valur hafði yfir í hálfleik 21:7. KR-ingar mættu hins vegar ekki í síðari hálfleikinn og kærðu leikinn á forsendum, sem ekki skulu raktar hér. Úrskurður í kærumáli þessu varð á þann veg, að Valur skildi sigra í leiknum og hlaut Valur þar með sína fyrstu Íslandsmeistara í körfuknattleik.

Íslandsmeistari 1971: Valur

4. fl. karla.

A riðill: Fram, KR, UMFS.
B riðill: Ármann, ÍR, UMFN, Valur
C riðill: Snæfell, Hörður, KFÍ
D riðill: KA, Þór.

Sigurvegjarar í riðlakeppninni urðu:

Fram í a riðli.
Ármann í b riðli.
Hörður í c riðli.
Þór í d riðli, en mættu ekki í úrslitakeppnina.

Úrslit:

Fram: Hörður 20:10
Ármann: Hörður 22:10
Ármann:Fram 27:17

Íslandsmeistari 1971: Ármann

m. fl. kvenna.

Þór:VMFS ----- 34:32
KR:UMFS ----- 9:40
UMFS:ÍR ----- 29:30
KR:Þór ----- KR gaf leikinn
ÍR:Þór ----- 28:32

Íslandsmeistari 1971: Þór.

2. fl. kvenna.

Snæfell:Hörður ----- 22:16
KR:ÍR----- 22: 7

Úrslit Þór:KR 18:13

Íslandsmeistari 1971: Þór.

